

L Ö G

um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

32

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar dr. Sigurður Nordal lætur af prófessorsembætti því, er nú gegnir hann í heimspekideild Háskóla Íslands, skal honum gerður kostur á að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í deildinni í islenskum fræðum með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu og ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

33

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 30/1933 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir sveitar-(bæjar-, sýslu-)félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra riðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ríkissjóður greiðir fjórðungssjúkrahúsum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 krónum á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðstuðulsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga, sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er